

Ed.

209. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hafnaði öllu samstarfi um lagfæringu á frumvarpi þessu, og gátum við undirritaðir því alls ekki fallizt á frumvarpið.

Það er ljóst, að frumvarpið er flutt til þess að koma á nýjum skatti vegna ríkissjóðs, því að með þessum skatti er ríkissjóði skotið undan að taka á sig, eins og áður, framlag til rafmagnsveitna ríkisins.

Látið er heita, að hér sé um verðjöfnunargjald að ræða, en það er villandi, af því að verðlagshlutföllum er ekki breytt með þessu gjaldi. Þetta er verðhækkunar-skattur, sem leggst á rafmagnsverðið hjá öllum. Ríkisstjórnin gripur til hans að mjög vanhugsuðu máli.

Rafvæðing alls landsins er eitt þýðingarmesta lífsspursmál þjóðarinnar. Enginn mun þó nokkurn tíma hafa látið sér detta í hug, að rafvæðingin gæti orðið framkvæmd nema með sameiginlegu átaki þjóðfélagsins. Þess vegna var ríkissjóður látinn greiða til rafveitna ríkisins til að mæta rekstrarörðugleikum þeirra.

Að ætla sér að fella þá greiðslu niður, er bæði ósanngjarnt og óviturlegt.

Allt annað mál væri að gera ráðstafanir til að jafna verðlag rafmagns milli byggða landsins, því að það er rétt, sem flokksbræður okkar í fjárhagsnefnd Nd. segja í nefndaráliti sínu á þskj. 180: „Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá rafmagnsverzlun ríkisins.“

Spor í rétta átt eru heimildir þær í 1.—3. gr. frumvarpsins til eftirgjafa á tilteknum skuldum og skuldavöxtum, er á rafmagnsveitunum hvíla við ríkissjóð, Raforkusjóð og Ríkisábyrgðasjóð. En þar er hins vegar of skammt gengið. Hinn sameiginlegi sjóður þjóðfélagsins á líka að taka að sér greiðslur á föstum lánnum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði, vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Það mundi stórlega auka möguleika til verðjöfnunar á rafmagninu. Um það flytjum við brtt. við frumvarpið.

Enn fremur flytjum við brtt. um, að ríkisstjórn skuli heimilt að ákveða, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins skuli vera á því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagnni frá héraðsrafveitum ríkisins það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En ríkissjóður greiði þann halla, sem af þessari verðlagningu kann að leiða hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins.

Loks flytjum við tillögu um, að upp í lögin verði tekið ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun raforkulaganna í þeim tilgangi að koma bættu skipulagi á raforkumálin og ódýrari og hagkvæmari rekstri á framkvæmd þeirra.

Breytingartillögur okkar leggjum við fram á sérstöku þingskjali.

Verði tillögur okkar felldar, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Nánar í framsögu.

Alþingi, 16. des. 1965.

Karl Kristjánsson, Helgi Bergs.
frsm.